

Framfarafélag Flateyjar
Netfundur 4.nóvember 2020 kl. 20:00.

Mættar voru Bylgja,Kata,Kristín,María,Svava.

Dagskrá fundar :

1. Umræður um tölvupóst sem stjórn FFF barst frá Gunnari Sveinssyni 1.nóvember um rafmagnsleysi í Flatey. Stjórnarkonur áttu í kjölfarið samtöl við fjarskiptafyrirtækin, Orkubúið og íbúa eyjarinnar. Formaður mun senda Gunnari tölvupóst til að upplýsa hann um hvað FFF hefur gert varðandi þessi áriðandi málefni.

2. Umræður um tölvupóst sem stjórn FFF barst frá Gunnari Sveinssyni varðandi verkefni sem hann telur að Framfarafélagið geti sinnt á næstunni. Listi Gunnars er langur og ítarlegur og tekur á mörgum málefnum eyjunni til hagsbóta. Er listi þessi unnin upp úr greinargerð sem hann tók saman fyrir nemanda í ferðamálafræði um "Hvort Flatey væri komið að þolmörkum sem ferðamannastaður?" Ljóst er að Gunnar hefur góða yfirsýn yfir alla þá möguleika sem hægt er að vinna að til að gera eyjuna okkar að áhugaverðari ferðamannastað og efla innviðina. Allt eru þetta góðar og gildar hugmyndir sem vert er að taka upp og skoða við tækifæri.

3. Umræður um ýmsa öryggisþætti sem þarf að huga að í eyjunni s.s. sjúkrakassa, neyðarsendi, neyðartalstöð og hjartastuðtæki. Hvar eru þessir hlutir staðsettir sem við eigum og hvernig er aðgengi að þeim. Hugmynd kom upp að setja upplýsingar um „Fyrstu hjálp“ inn á heimasíðuna Flatey.com svo allir gætu kynnt sér málið og vonandi gætu eyjaskeggjar verið tilbúnir að bregðast fljótt við í neyð.

Gott væri að setja upp í ferli hvar hlutir eru staðsettir og hvenær á að yfirfara hlutina.

Umræður um hvort hægt væri að koma þessum öryggistækjum fyrir á einum stað sem væri læstur, aðgengi gott fyrir alla og lyklahús væri við innganginn.

Neyðartalstöð/neýðarsendir er eitthvað sem gott væri að koma upp. Kanna þarf kostnað við kaup og rekstur slíks búnaðar.

4. Umræður um dætur fyrir slökkvistarf. Framfarafélagið telur að nauðsynlegt sé að afla upplýsinga um hagkvæmni slíkrar dælu, kostnað við kaup, rekstur og viðhald.

Fundi slitið kl.21:00.